



Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana.

Fréttatilkynning
19. júní 2008

ÚTBOÐ RÍKISBRÉFA RIKB 19 0226

Útboð á ríkisbréfum í flokki RIKB 19 0226 með tilboðsfyrirkomulagi fór fram hjá Seðlabanka Íslands kl. 14:00 í dag. Í útboðinu var óskað eftir kauptilboðum í framangreindan flokk fyrir allt að 10.000 m.kr. að nafnverði.

Helstu niðurstöður útboðsins voru þessar:

Alls bárust 26 gild tilboð í flokkinn RIKB 19 0226 að fjárhæð 7.960 m.kr. að nafnverði. Tilboðum var tekið fyrir 5.660 m.kr. að nafnverði á meðalverðinu 92,02 (9,99% meðalávöxtunarkröfu). Hæsta verð tekinna tilboða var 92,23 (9,95% ávöxtunarkrafa) og lægsta verð tekinna tilboða var 91,70 (10,04% ávöxtunarkrafa).

Ennfremur býðst aðalmiðlurum að kaupa 10% af nafnverði þess sem selt var í útboðinu, eða 566 m.kr., á meðalverði samþykktra tilboða allt til kl. 14:00 á uppgjörssdegi útboðsins. Hver aðalmiðlari sem á samþykkt tilboð í undangengnu útboði öðlast kauprétt í hlutfalli af keyptu magni. Greiðslu- og uppgjörssdagur fyrir þessi viðskipti er einum degi eftir viðskiptadag, þ.e. T+1.

Niðurstöður útboða á RIKB 19 0226 eru (nafnverð):

Dags	Heildartilboð [m.kr.]	Tekin tilboð í samkeppnishluta [m.kr.]	Tekin tilboð í meðalverðshluta [m.kr.]	Lægsta ávöxtun [%]	Hæsta ávöxtun [%]	Meðal- ávöxtun [%]
21.2.2008	32.030	10.000	990	8,90	8,90	8,90
13.3.2008	9.600	2.350	-	9,32	9,44	9,41
17.4.2008	8.000	2.900	90	10,62	10,66	10,64
29.5.2008	10.800	6.500	590	9,50	9,58	9,55
19.6.2008	7.960	5.660		9,95	10,04	9,99